

sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Svavar Kristjónsson, Guðjón Kristinn Pálsson, Ingólfur Bárðarson, Ingvi Rafn Jóhannsson, Jón Páll Guðmundsson og Árni Brynjólfsson, greiði hver um sig 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hverrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur.

Þriðjudaginn 13. maí 1980.

Nr. 205/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-  
ríkissaksóknari)

gegn

**Þórði Gröndal**

**Jóni Þórarni Sveinssyni**

**Júlíusi Sæberg Ólafssyni**

**Steinari Steinssyni**

**Sveini A. Sæmundssyni og**

**Guðjóni Tómassyni**

(Sveinn Snorrason hrl.).

Ákæra fyrir verðlagsbrot. Sýkna.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hér fyrir dómi er þess krafist af hálfu ákærvalds, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæruskjali 10. janúar 1978, „þó þannig, að staðfest verði sýkna af þeim þætti ákæru, er varðar álagningartölu á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag)“, en refsing ákærðu verði þyngd.

Ákærðu Þórður, Jón Þórarinn, Júlíus Sæberg, Steinar og Sveinn voru stjórnarmenn í Sambandi málm- og skipasmiða á því tímabili, er ákæruskjal tekur yfir. Ákærði Guðjón var framkvæmdastjóri sambandsins, og hafði hann ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum þess.

Í ákæruskjali 10. janúar 1978 eru ákærðu sóttir til saka fyrir að hafa staðið að því, að af hálfu ofangreinds sambands var gefið út hinn 15. júlí 1977 „fréttabréf“ til félagsmanna sambandsins, er hafði að geyma taxta um útselda tímavinnu málmíðnaðarmanna og bifvélavirkja. Eru þeir taldir hafa verið hærri í flestum tilvikum en samþykkt verðlagsnefndar hinn 8. júlí 1977 heimilaði. Eru hinir ákærðu allir taldir bera refsíabýrgð á útgáfu taxtanna, og þeim er enn fremur gefið að sök að hafa „viðhaldið“ töxtum þessum óbreyttum, eftir að tilkynning verðlagsstjóra nr. 19 20. júlí 1977 var gefin út og allt til 5. desember 1977, er verðlagsnefnd gerði nýja samþykkt um þetta efni. Leitt er í ljós, að tilkynning nr. 19/1977 var birt í Lögbirtingablaði, er út kom hinn 29. júlí s. á.

Ákæruefni er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi svo og rannsóknargögnum.

Eins og ákæruefni er markað, eru ákærðu sóttir til saka fyrir fullframið brot á refsíákvæðum þeim, er greinir í ákæruskjali. Eru þeir taldir aðalmenn í broti og eigi hlutdeildarmenn í atferli þeirra manna, er kunna að hafa notað taxta þá, sem ákærðu eru sakaðir um að hafa staðið að, við ákvörðun á fjárhæð útseldrar vinnu málmíðnaðarmanna og bifvélavirkja. Svo sem greint var, bjó verðlagsskrifstofan eigi út taxta sína fyrr en með tilkynningu 20. júlí 1977, birtri 29. s. m., en í samþykkt verðlagsnefndar 8. s. m. var þess eigi getið, hvernig dreifa ætti því 2½% álagi, er þar greinir, á mismunandi taxta fyrir útselda vinnu ofangreindra manna.

Ákærðu töldu, að dreifing þeirra og útfærsla á þessu 2½% álagi á taxtana gengi ekki í berhögg við samþykkt nefndarinnar, sem þeim var kunnugt um. Ekki verður talið, að útgáfa taxta þessara varði við þau refsíákvæði, er greinir í ákæruskjali, og sú háttsemi ákærðu að hlutast eigi til um afturköllun á töxtunum eftir útgáfu og birtingu tilkynningar nr. 19/1977 verður eigi talin varða við refsíákvæði þessi. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin talsmannslaun skipaðs verjanda ákærðu, samtals 400.000 krónur.

Það athugast, að í héraðsdómi er vikið að sakaratriðum, sem ekki rúmast innan ákæruskjals.

#### D ó m s o r ð :

Ákærðu, Þórður Gröndal, Jón Þórarinn Sveinsson, Júlíus Sæberg Ólafsson, Steinar Steinsson, Sveinn A. Sæmundsson og Guðjón Tómasson, eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ríkissjóði ber að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin talsmannslaun skipaðs verjanda hinna ákærðu fyrir báðum dómum, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmans, samtals 400.000 krónur.

#### **Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 29. desember 1978.**

Ár 1978, föstudaginn 29. desember, er á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarsyni sakadómara sem dómsformanni og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni sem meðdómanda, kveðinn upp dómur í verðlagsdómsmálinu nr. 558-563/1978: Ákæruvaldið gegn Þórði Gröndal, Jóni Þórarni Sveinssyni, Júlíusi Sæberg Ólafssyni, Steinari Steinssyni, Sveini Sæmundssyni og Guðjóni Tómassyni, sem tekid var til dóms 13. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. janúar sl. Í ákærunni segir svo:

„Að höfða ber fyrir verðlagsdómi Reykjavíkur opinbert mál á hendur stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra Sambands málm-

og skipasmiðja, Garðastræti 38 í Reykjavík, sem er sambandsfélag fjögurra aðildarfélaga: Bilgreinasambandsins, Félags blikksmiðjueigenda, Meistarafélags járníðnaðarmanna og Félags dráttarbrauta og skipasmiðja:

1. Þórði Gröndal, Lindarbraut 10, Seltjarnarneskaupstað, fæddum 20. september 1931 í Reykjavík, stjórnarformanni sambandsins,

2. Jóni Þórarni Sveinssyni, Smáraflöt 8 í Garðakaupstað, fæddum 11. apríl 1925 í Butru í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, fulltrúa Félags dráttarbrauta og skipasmiðja í framkvæmdastjórn sambandsins,

3. Júlíusi Sæberg Ólafssyni, Goðheimum 12 í Reykjavík, fæddum 20. mars 1943 á Ísafirði, fulltrúa Bilgreinasambandsins í framkvæmdastjórn,

4. Steinari Steinssyni, Holtagerði 88 í Kópavogi, fæddum 14. október 1926 í Reykjavík, fulltrúa Meistarafélags járníðnaðarmanna í framkvæmdastjórn,

5. Sveini Sæmundssyni, Vallargerði 2 í Kópavogi, fæddum 24. nóvember 1916 að Eiríksbakka í Biskupstungnahreppi, Árnesýslu, fulltrúa Félags blikksmiðjueigenda í framkvæmdastjórn, og

6. Guðjóni Tómassyni, Laufvangi 4 í Hafnarfirði, fæddum 16. júlí 1941 í Reykjavík, framkvæmdastjóra sambandsins.

Hinn 8. júlí 1977 var af hálfu verðlagsnefndar gerð svohljóðandi samþykkt:

„Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikningsaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18.000.00 á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%. Ákvæðisvinna breytist í samræmi við útselda tímavinnu“.

Málið er höfðað til refsingar öllum ákærðu fyrir að hafa þrátt fyrir ofangreinda samþykkt verðlagsnefndar, er hlotið hafði staðfestingu ríkisstjórnar Íslands, staðið að því, að af hálfu nefnds Sambands málm- og skipasmiðja var hinn 15. júlí 1977 gefið út „Fréttabréf“ til félagsmanna sambandsins með töxtum útseldrar tímavinnu málmíðnaðarmanna og bifvélavirkja útreiknuðum hærri en ofangreind samþykkt verðlagsnefndar heimilaði sem því nam, að við útreikninga tímavinnukaupsins var af hálfu sambandsins miðað við kjarasamninga frá 22. júní 1977 að fullu, og álagningartala á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag) var einnig án leyfis verðlagsyfirvalda hækkuð um 10%, úr kr. 268.00 í kr. 295.00 á hverja klukkustund miðað við dagvinnu, og síðan

fyrir að hafa þrátt fyrir tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19, 20. júlí 1977 um, að verðlagsnefnd hefði ákveðið nánar tilgreint hámarksverð seldrar vinnustundar málmíðnaðarmanna og bifvéla-virkja í framhaldi af kjarasamningum frá 22. júní 1977, viðhaldið af hálfu sambandsins verðtöxtum þess frá 15. júlí óbreyttum allt til 5. desember 1977, er verðlagsnefnd samþykkti, að sú skerðing á verðtöxtum yfir útselda vinnu iðnmeistara, sem nefndin gerði þann 8. júlí 1977, skyldi afnumin.

Brot ákærðu teljast varða við 3. og 4. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. áðurnefnda tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19 20. júlí 1977, og 1. og 2. mgr. 10. gr., sbr. 12. gr. laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. nr. 13/1975.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 9. september f. á., sendi hann verðlagsdómi Reykjavíkur kærur verðlagsstjóra til sín, dags. 6. s. m., út af ætluðu broti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Sambands málm- og skipasmiðja — og ef til vill einnig forráðamanna einstakra aðildarféлага þess — gegn lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19/1977. Í bréfi ríkissaksóknara var gerð krafa um rækilega rannsókn málsins.

Í framangreindu bréfi verðlagsstjóra segir svo m. a.:

„Þann 27. júní 1977 sótti Samband málm- og skipasmiðja um hækkun á útseldri vinnu umbjóðenda sinna, m. a. vegna kjarasamninga þeirra, sem undirritaðir voru 22. júní s.l.

Verðlagsnefnd tók mál þetta til afgreiðslu á fundi sínum þ. 8. júlí s.l., og var þar eftirfarandi samþykkt gerð:

Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikninga-aðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18 þús. á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%.

Ákvæðisvinna breytist í samræmi við útselda tímavinnu.

Verðlagsskrifstofan sendi bréf til Sambands málm- og skipasmiðja þ. 8. júlí 1977, þar sem þessi ákvörðun Verðlagsnefndar var tilkynnt, en undanfarin ár hefur Samband málm- og skipasmiðja (SMS) gefið út taxta yfir útselda vinnu féлага sinna, eftir að Verðlagsskrifstofan hefur sannreynt, að þeir væru í samræmi við samþykkt Verðlagsnefndar.

Þann 15. júlí 1977 gefur hins vegar SMS út eigin taxta, sem

braut í bága við samþykkt Verðlagsnefndar frá 8. júlí, án nokkurs samráðs við verðlagsyfirvöld.

Þegar þetta lá ljóst fyrir, sendi Verðlagsstjóri SMS með bréfi, dags. 20. júlí 1977, tilkynningu nr. 19/1977 um hámarksverð hvernar vinnustundar málmíðnaðarmanna og bifvélavirkja. Þrátt fyrir það hefur SMS ekki dregið sinn taxta til baka, og verður því að líta svo á, að SMS ætli að hafa ákvörðun Verðlagsnefndar frá 8. júlí að engu.

Tilkynning nr. 19/1977 birtist í Lögbirtingablaði nr. 64, dags. 29. júlí 1977, og í þrem dagblöðum í Reykjavík þ. 5. ágúst 1977“.

Kærubréfi verðlagsstjóra fylgdi skrá yfir aðildarfélög Sambands málm- og skipasmiðja og framkvæmdastjórn þess og framkvæmdastjóra, en það eru hinir ákærðu. Samkvæmt skránni eru aðildarfélögin þessi: Bilgreinasambandið, Félag blikksmiðjueigenda, Meistarafélag járníðnaðarmanna og Félag dráttarbrauta og skipasmiðja.

Í fréttabréfi sambandsins frá 15. júlí f. á. segir svo orðrétt:

„Nýir útsölutaxtar:

Á fundi verðlagsnefndar þann 14. júlí síðastliðinn var loks tekið til afgreiðslu erindi samtakanna um útselda vinnu, og var þá eftirfarandi samþykkt gerð:

„Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikningsaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18.000.00 á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%“.

Ofangreind hækkun verðlagsnefndar hlaut staðfestingu ríkisstjórnarinnar nú í vikunni.

Hjálagðir eru útsölutaxtar, sem byggjast á ákvörðun verðlagsnefndar og launakostnaði í samræmi við kjarasamningana frá 22. júní 1977.

Takið eftir:

1. Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningunum frá 22. júní 1977.
2. Að álagningartala (yfirstjórnarálag) hækkaði um 10%, þ. e. úr kr. 268.00 í kr. 295.00 á klst. í dagvinnu.
3. Að þar sem enn hafa ekki tekist samningar við verkstjóra, þá eru hvorki launa- né útsölutaxtar fyrir þá hér með.

F. h. Sambands málm- og skipasmiðja  
Guðjón Tómasson“.

Síðan fylgja fréttabréfinu taxtar sambandsins, og eru þeir á þessa leið:

„Útseld vinna málmíðnaðarsveina 22. júní 1977  
(allir taxtar án söluskatts)

|                            | Dag-<br>vinna | Eftir-<br>vinna | Nætur-<br>vinna |
|----------------------------|---------------|-----------------|-----------------|
| Sveinar 1. árið            | 1.230         | 1.598           | 1.966           |
| Sveinar 1. árið +5%        | 1.254         | 1.630           | 2.006           |
| Sveinar 1. árið +10%       | 1.280         | 1.664           | 2.046           |
| Sveinar 1. árið +15%       | 1.304         | 1.694           | 2.086           |
| Sveinar 1. árið +20%       | 1.328         | 1.726           | 2.126           |
| Sveinar 1. árið +25%       | 1.352         | 1.758           | 2.164           |
| Sveinar 1. árið +30%       | 1.378         | 1.790           | 2.204           |
| Sveinar 1. árið +35%       | 1.402         | 1.822           | 2.242           |
| Sveinar 2. og 3. árið      | 1.250         | 1.624           | 1.998           |
| Sveinar 2. og 3. árið +5%  | 1.276         | 1.658           | 2.040           |
| Sveinar 2. og 3. árið +10% | 1.300         | 1.690           | 2.080           |
| Sveinar 2. og 3. árið +15% | 1.326         | 1.724           | 2.122           |
| Sveinar 2. og 3. árið +20% | 1.352         | 1.758           | 2.164           |
| Sveinar 2. og 3. árið +25% | 1.378         | 1.790           | 2.204           |
| Sveinar 2. og 3. árið +30% | 1.402         | 1.822           | 2.242           |
| Sveinar 2. og 3. árið +35% | 1.428         | 1.856           | 2.286           |
| Sveinar 4. og 5. árið      | 1.284         | 1.670           | 2.054           |
| Sveinar 4. og 5. árið +5%  | 1.312         | 1.704           | 2.098           |
| Sveinar 4. og 5. árið +10% | 1.338         | 1.738           | 2.140           |
| Sveinar 4. og 5. árið +15% | 1.366         | 1.776           | 2.184           |
| Sveinar 4. og 5. árið +20% | 1.392         | 1.810           | 2.228           |
| Sveinar 4. og 5. árið +25% | 1.420         | 1.846           | 2.272           |
| Sveinar 4. og 5. árið +30% | 1.448         | 1.882           | 2.316           |
| Sveinar 4. og 5. árið +35% | 1.474         | 1.916           | 2.358           |
| Sveinar eftir 5 ár         | 1.312         | 1.706           | 2.100           |
| Sveinar eftir 5 ár +5%     | 1.340         | 1.742           | 2.144           |
| Sveinar eftir 5 ár +10%    | 1.368         | 1.778           | 2.190           |
| Sveinar eftir 5 ár +15%    | 1.398         | 1.816           | 2.236           |
| Sveinar eftir 5 ár +20%    | 1.426         | 1.854           | 2.280           |
| Sveinar eftir 5 ár +25%    | 1.454         | 1.890           | 2.326           |
| Sveinar eftir 5 ár +30%    | 1.482         | 1.928           | 2.372           |
| Sveinar eftir 5 ár +35%    | 1.510         | 1.964           | 2.416           |

Taxtar fyrir sveina með meistarabréf eru á næstu síðu.

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977. Álagningartala á laun og

launakostnað pr. 1 klst. í dagvinnu er kr. 295 og innreiknuð í ofangreinda taxa.

Útseld vinna sveina með meistarabréf 22. júní 1977.

(allir taxtar án söluskatts)

| Meistarabréfstaxtar:       | Dag-<br>vinna | Eftir-<br>vinna | Nætur-<br>vinna |
|----------------------------|---------------|-----------------|-----------------|
| Sveinar 4. og 5. árið      | 1.326         | 1.724           | 2.122           |
| Sveinar 4. og 5. árið +5%  | 1.356         | 1.762           | 2.168           |
| Sveinar 4. og 5. árið +10% | 1.384         | 1.798           | 2.214           |
| Sveinar 4. og 5. árið +15% | 1.414         | 1.838           | 2.262           |
| Sveinar 4. og 5. árið +20% | 1.440         | 1.872           | 2.304           |
| Sveinar 4. og 5. árið +25% | 1.470         | 1.910           | 2.350           |
| Sveinar 4. og 5. árið +30% | 1.498         | 1.948           | 2.398           |
| Sveinar 4. og 5. árið +35% | 1.526         | 1.984           | 2.442           |
| Sveinar eftir 5 ár         | 1.358         | 1.764           | 2.172           |
| Sveinar eftir 5 ár +5%     | 1.386         | 1.802           | 2.218           |
| Sveinar eftir 5 ár +10%    | 1.416         | 1.842           | 2.266           |
| Sveinar eftir 5 ár +15%    | 1.446         | 1.880           | 2.314           |
| Sveinar eftir 5 ár +20%    | 1.476         | 1.918           | 2.360           |
| Sveinar eftir 5 ár +25%    | 1.506         | 1.958           | 2.408           |
| Sveinar eftir 5 ár +30%    | 1.536         | 1.996           | 2.456           |
| Sveinar eftir 5 ár +35%    | 1.566         | 2.036           | 2.504           |

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977.

Álagningartala á laun og launakostnað pr. klst. í dagvinnu er kr. 295 og er innreiknuð í ofangreinda taxa.

Útseld vinna aðstoðarmanna 22. júní 1977.

(allir taxtar án söluskatts)

| 1. taxti:  | Dagvinna | Eftirvinna | Næturvinna |
|------------|----------|------------|------------|
| 1. árið    | 1.122    | 1.458      | 1.794      |
| Eftir 1 ár | 1.132    | 1.472      | 1.812      |
| Eftir 4 ár | 1.148    | 1.492      | 1.838      |
| 2. taxti:  |          |            |            |
| 1. árið    | 1.142    | 1.486      | 1.828      |
| Eftir 1 ár | 1.160    | 1.508      | 1.854      |
| Eftir 4 ár | 1.172    | 1.522      | 1.874      |
| 3. taxti:  |          |            |            |
| 1. árið    | 1.162    | 1.510      | 1.858      |
| Eftir 1 ár | 1.176    | 1.528      | 1.880      |
| Eftir 4 ár | 1.192    | 1.552      | 1.910      |

| 4. taxti:  | Dagvinna | Eftirvinna | Næturvinna |
|------------|----------|------------|------------|
| 1. árið    | 1.180    | 1.534      | 1.886      |
| Eftir 1 ár | 1.212    | 1.574      | 1.938      |
| Eftir 4 ár | 1.248    | 1.622      | 1.996      |

| 5. taxti:  |       |       |       |
|------------|-------|-------|-------|
| 1. árið    | 1.228 | 1.596 | 1.966 |
| Eftir 1 ár | 1.246 | 1.620 | 1.992 |
| Eftir 4 ár | 1.254 | 1.630 | 2.006 |

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977.

Álagningartala á laun og launakostnað pr. klst. í dagvinnu er kr. 295 og er innreiknuð í ofangreinda taxa.

Útseld vinna blikksmiða. Meðalverð fyrir dag- og eftirvinnu reiknast út frá 40 klst. í dagvinnu og 8 klst. í eftirvinnu. (Allir taxtar án söluskatts).

|                            | Meðalverð | Næturvinna |
|----------------------------|-----------|------------|
| Sveinar 1. árið            | 1.292     | 1.966      |
| Sveinar 1. árið +5%        | 1.318     | 2.006      |
| Sveinar 1. árið +10%       | 1.344     | 2.046      |
| Sveinar 1. árið +15%       | 1.370     | 2.086      |
| Sveinar 1. árið +20%       | 1.394     | 2.126      |
| Sveinar 1. árið +25%       | 1.420     | 2.164      |
| Sveinar 1. árið +30%       | 1.448     | 2.204      |
| Sveinar 1. árið +35%       | 1.472     | 2.242      |
| Sveinar 2. og 3. árið      | 1.312     | 1.998      |
| Sveinar 2. og 3. árið +5%  | 1.340     | 2.040      |
| Sveinar 2. og 3. árið +10% | 1.366     | 2.080      |
| Sveinar 2. og 3. árið +15% | 1.392     | 2.122      |
| Sveinar 2. og 3. árið +20% | 1.420     | 2.164      |
| Sveinar 2. og 3. árið +25% | 1.448     | 2.204      |
| Sveinar 2. og 3. árið +30% | 1.472     | 2.242      |
| Sveinar 2. og 3. árið +35% | 1.500     | 2.286      |
| Sveinar 4. og 5. árið      | 1.348     | 2.054      |
| Sveinar 4. og 5. árið +5%  | 1.378     | 2.098      |
| Sveinar 4. og 5. árið +10% | 1.406     | 2.140      |
| Sveinar 4. og 5. árið +15% | 1.434     | 2.184      |
| Sveinar 4. og 5. árið +20% | 1.462     | 2.228      |
| Sveinar 4. og 5. árið +25% | 1.492     | 2.272      |
| Sveinar 4. og 5. árið +30% | 1.520     | 2.316      |
| Sveinar 4. og 5. árið +35% | 1.548     | 2.358      |

## Meðalverð Næturvinnna

|                         |       |       |
|-------------------------|-------|-------|
| Sveinar eftir 5 ár      | 1.378 | 2.100 |
| Sveinar eftir 5 ár +5%  | 1.408 | 2.144 |
| Sveinar eftir 5 ár +10% | 1.436 | 2.190 |
| Sveinar eftir 5 ár +15% | 1.468 | 2.236 |
| Sveinar eftir 5 ár +20% | 1.498 | 2.280 |
| Sveinar eftir 5 ár +25% | 1.528 | 2.326 |
| Sveinar eftir 5 ár +30% | 1.556 | 2.372 |
| Sveinar eftir 5 ár +35% | 1.586 | 2.416 |

Taxtar fyrir sveina með meistarábréf eru á næstu síðu.

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977.

Álagningartala á laun og launakostnað pr. klst. í dagvinnu er kr. 295 og er innreiknuð í ofangreinda taxa.

Útseld vinna blikksmiða, með meistarábréf.

Meðalverð fyrir dagvinnu og eftirvinnu reiknast út frá 40 klst. í dagvinnu og 8 klst. í eftirvinnu. (Allir taxtar eru án söluskatts).

## Meistarabréfataxtar: Meðalverð Næturvinnna

|                            |       |       |
|----------------------------|-------|-------|
| Sveinar 4. og 5. árið      | 1.392 | 2.122 |
| Sveinar 4. og 5. árið +5%  | 1.424 | 2.168 |
| Sveinar 4. og 5. árið +10% | 1.454 | 2.214 |
| Sveinar 4. og 5. árið +15% | 1.486 | 2.262 |
| Sveinar 4. og 5. árið +20% | 1.512 | 2.304 |
| Sveinar 4. og 5. árið +25% | 1.544 | 2.350 |
| Sveinar 4. og 5. árið +30% | 1.574 | 2.398 |
| Sveinar 4. og 5. árið +35% | 1.602 | 2.442 |
| Sveinar eftir 5 ár         | 1.426 | 2.172 |
| Sveinar eftir 5 ár +5%     | 1.456 | 2.218 |
| Sveinar eftir 5 ár +10%    | 1.488 | 2.266 |
| Sveinar eftir 5 ár +15%    | 1.518 | 2.314 |
| Sveinar eftir 5 ár +20%    | 1.550 | 2.360 |
| Sveinar eftir 5 ár +25%    | 1.582 | 2.408 |
| Sveinar eftir 5 ár +30%    | 1.614 | 2.456 |
| Sveinar eftir 5 ár +35%    | 1.690 | 2.504 |

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977.

Álagningartala á laun og launakostnað pr. klst. í dagvinnu er kr. 295 og er innreiknuð í ofangreinda taxa“.

Rétt þykir að gera einnig grein fyrir töxtum þeim, sem verðlagsstjóri gaf út hinn 20. júlí með tilkynningu sinni nr. 19/1977, en í tilkynningunni segir svo:

„Verðlagsnefnd hefur ákveðið eftirfarandi hámarksverð hverrar seldrar vinnustundar málmiðnaðarmanna og bifvélavirkja í framhaldi af kjarasamningum frá 22. júní 1977. (Allir taxtar eru án söluskatts).

| Sveinar:                   | Dag-<br>vinna: | Eftir-<br>vinna: | Natur-<br>vinna: |
|----------------------------|----------------|------------------|------------------|
| Sveinar 1. árið            | 1.218          | 1.584            | 1.948            |
| Sveinar 2. og 3. árið      | 1.238          | 1.608            | 1.980            |
| Sveinar eftir 3 ár         | 1.272          | 1.654            | 2.036            |
| Sveinar eftir 3 ár +5%     | 1.300          | 1.688            | 2.078            |
| Sveinar eftir 3 ár +10%    | 1.326          | 1.724            | 2.122            |
| Sveinar eftir 3 ár +15%    | 1.354          | 1.760            | 2.166            |
| Sveinar eftir 3 ár +20%    | 1.380          | 1.794            | 2.208            |
| Sveinar eftir 3 ár +25%    | 1.408          | 1.830            | 2.252            |
| Sveinar eftir 3 ár +30%    | 1.434          | 1.864            | 2.296            |
| Sveinar eftir 3 ár +35%    | 1.462          | 1.900            | 2.338            |
| <b>Álagsprósentur:</b>     |                |                  |                  |
| 10% óprifaálag — hæðarálag |                |                  |                  |
| 10% námskeiðsálag          |                |                  |                  |
| 15% flokksstjórar          |                |                  |                  |
| <b>Aðstoðarmenn:</b>       |                |                  |                  |
| 1. taxti byrjunarlaun      | 1.078          | 1.402            | 1.726            |
| 1. taxti eftir 1 ár        | 1.094          | 1.422            | 1.750            |
| 2. taxti byrjunarlaun      | 1.094          | 1.422            | 1.752            |
| 2. taxti eftir 1 ár        | 1.110          | 1.442            | 1.776            |
| 3. taxti byrjunarlaun      | 1.114          | 1.450            | 1.784            |
| 3. taxti eftir 1 ár        | 1.126          | 1.464            | 1.800            |
| 4. taxti byrjunarlaun      | 1.128          | 1.466            | 1.804            |
| 4. taxti eftir 1 ár        | 1.136          | 1.478            | 1.818            |
| 5. taxti byrjunarlaun      | 1.162          | 1.510            | 1.858            |
| 5. taxti eftir 1 ár        | 1.180          | 1.534            | 1.888            |
| Slippvinnumenn             | 1.238          | 1.608            | 1.980.“          |

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrít af nokkrum fundargerðum stjórnar sambandsins. Samkvæmt þessum gögnum sátu ákærðu Þórður, Sveinn og Steinar fund 21. júlí 1977. Var þar m. a. rætt um afgreiðslu verðlagsnefndar og taxtaútgáfu verðlagsstjóra. Samþykktu ákærðu ásamt fjórða manni, sem einnig sat fundinn, að sambandið skyldi halda sig við útsölutaxta sína. Þá var einnig haldinn fundur 2. september í stjórninni og þar samþykkt að viðhafa áfram sömu aðferð og áður við útreikning á töxtum sambandsins. Þennan fund sátu sömu ákærðu ásamt

tveim mönnum öðrum og lögfræðingi Vinnuveitendasambands Íslands.

Ákærðu voru allir yfirheyrðir fyrir dómi fyrir útgáfu ákæru.

Ákærði Þórður Gröndal kveðst vera formaður Sambands málm- og skipasmiðja og staðfestir, að stjórn sambandsins hafi sent út taxta þá, sem málið snýst um.

Ákærði segir, að framkvæmdastjóri sambandsins hafi ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum og sé því ekki ábyrgur fyrir þessari ákvörðunartöku. Segir ákærði, að fundarmenn hafi allir verið mjög sammála um að láta senda út taxtana og hafi enginn einn öðrum fremur átt uppástunguna að því.

Ákærði upplýsir, að það sé í verkahring framkvæmdastjórans og skrifstofu sambandsins að framfylgja ákvörðunum stjórnarinnar og í þessu sambandi að reikna út hvern einstakan taxta fyrir sig.

Ákærði segir, að reikningsaðferðin við taxtana sé nákvæmlega sú sama og á töxtum sambandsins undanfarin ár. Hins vegar bættust við tveir nýir taxtar vegna nýgerðra kjarasamninga við stéttarfélög. Hefur þessi reikningsaðferð ætíð hlotið samþykki verðlagsyfirvalda þar til nú. Nú hafa verðlagsyfirvöld tekið upp aðra aðferð við útreikning á töxtum sambandsins og hafa afskipti af samningum stéttarfélaganna og vinnuveitenda um launakjör að sögn ákærða.

Ákærði Sveinn A. Sæmundsson blikksmíðameistari, Vallargerði 2 í Kópavogi, staðfestir, að hann sé varaformaður SMS og sé fulltrúi blikksmiðjueigenda í sambandinu.

Ákærði segist staðfesta, að sambandið hafi samþykkt að senda út taxta þá, sem málið fjallar um. Var þessi ákvörðun tekin á fundi framkvæmdastjórnar sambandsins, sem ákærði sat sjálfur. Kveðst hann hafa verið þessari afgreiðslu samþykkur, en ekki man hann, hvort allir framkvæmdastjórarmenn voru viðstaddir. Þó var meiri hlutinn viðstaddur og tók þessa ákvörðun samhljóða.

Ákærði segir, að sambandið líti svo á, að verðlagsnefnd hafi ekki haft heimild til þess að ákveða taxtana eins og hún gerði í júlí 1977 og séu taxtar sambandsins byggðir á sama grunni og verðlagsnefnd hefur afgreitt taxtana á sl. 6—7 ár. Segir ákærði, að lögum samkvæmt eigi verðlagsnefnd eingöngu að ákveða álags-tölu taxtanna, en ekki að taka afstöðu til kjarasamninga.

Ákærði Júlíus Sæberg Ólafsson framkvæmdastjóri, Goðheimum 12 í Reykjavík, hefur staðfest, að hann sé ritari og fulltrúi

Bilgreinasambandsins í framkvæmdastjórn Sambands málm- og skipasmiðja.

Ákærði staðfestir, að það sé rétt, að sambandið hafi sent út margnefnda taxa.

Ákærði man ekki, hver átti uppástunguna um að semja taxtana, en segir, að það hafi legið í augum uppi að setja taxtana upp með þessum hætti í framhaldi af nýgerðum kjarasamningum og með hliðsjón af fyrri afgreiðslum verðlagsnefndar á hliðstæðum beiðnum sambandsins.

Ákærði segir, að sá sé munurinn á töxtum sambandsins og verðlagsstjóra, að taxtar sambandsins byggist á gerðum samningum 22. júní 1977 á milli sambandsins og viðsemjenda þeirra, þar í felist meðferð á 2,5% tillagi til sérkrafna, sbr. bókun sáttanefndar þar um, en taxtar verðlagsnefndar byggist á því, að ekki sé fallist á þetta sjónarmið.

Ákærði kveðst ekki muna, hvort hann var viðstaddur, þegar tekin var ákvörðun um að senda út margnefnda taxa, en kveðst ekki hafa gert neinn ágreining um hana og standa að henni.

Ákærði Jón Þórarinn Sveinsson framkvæmdastjóri, Smáraflöt 8 í Garðabæ, kveðst vera gjaldkeri framkvæmdastjórnar SMS og fulltrúi Félags dráttarbrauta og skipasmiðja í sambandinu.

Ákærði man ekki til þess að hafa verið viðstaddur fundi í framkvæmdastjórn Málm- og skipasmiðja, er tekin var ákvörðun um að senda út taxtana, en hann kveðst hafa verið mikið erlendis og upptekinn við önnur störf sumarið 1977.

Ákærði Steinar Steinsson tæknifræðingur, Holtagerði 88 í Kópavogi, kveðst vera meðstjórnandi í framkvæmdastjórn sambandsins og jafnframt fulltrúi Meistarafélags járníðnaðarmanna.

Ákærði staðfestir, að sambandið hafi sent út taxtana. Var þessi ákvörðun tekin á fundi framkvæmdastjórnar sambandsins af þeim stjórnarmönnum, sem þar voru mættir, en ákærði kveðst hafa verið einn þeirra. Var þetta gert samhljóða. Ákvörðun fundarins laut að því, hvernig taxtarnir yrðu reiknaðir út.

Ákærði tekur fram, að sú aðferð, sem verðlagsnefnd hefur viðhaft við útreikning á töxtum málmíðnaðarmanna að því er snertir yfirstjórnarkostnað, hafi verið röng og ekki rökstudd á þann veg, sem fyrir mælir í lögum og reglum.

Ákærði segir, að núverandi taxtar verðlagsnefndar séu byggðir á nýjum aðferðum við launalið taxtanna, og telur framkvæmdastjórn sambandsins, að þessi nýja aðferð verðlagsnefndar sé ekki

í samræmi við lög og áður samþykktar vinnuaðferðir nefndarinnar.

Ákærði Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri Sambands málm- og skipasmiðja, kveðst ekki eiga atkvæðisrétt við ákvarðanatöku á stjórnarfundum sambandsins, en það sé í sínum verkahring að framfylgja eða láta framfylgja þeim ákvörðunum, sem þar eru teknar.

Ákærði staðfestir, að hann hafi í umboði sambandsins samið fréttabréfið og taxtana.

Ákærði segir, að taxtarnir séu samdir á grundvelli samþykktar verðlagsnefndar frá 8. júlí f. á. og gerðra kjarasamninga frá því í júní f. á.

Ákærði upplýsir, að hann viti ekki annað en að öll fyrirtæki í sambandinu fari eftir töxtum þess. Þá telur hann, að rfkisyfirtæki noti þá einnig, þó þau séu ekki í sambandinu.

Ákærði vekur athygli á því, að í taxaútgáfu verðlagsstjóra sé hvorki að finna alla sveinataxta né heldur verkstjórataxta, sem gefnir hafa verið út á liðnum árum.

Ákærði Guðjón lét dómnum í té greinargerð um mismun á töxtunum. Greinargerðin er á þessa leið:

„Greinargerð um mismun á taxa Sambands málm- og skipasmiðja (S.M.S.) dags. 15. júlí 1977, og taxa verðlagsstjóra, dags. 20. júlí 1977, merkt nr. 19/1977.

Í erindi Sambands málm- og skipasmiðja, dags. 27. 6. 1977, var farið fram á eftirfarandi breytingar á útseldri vinnu:

1. Að heimiluð verði hækkun á launa og launakostnaðarliðum um 3% umfram það, sem leiddi beint af kjarasamningunum 17. og 22. júní 1977. Hækkun þessi stafar af mismun á innreiknuðu orlofi í útsölutaxtann og útborguðu orlofi, sem greitt er með gildandi kaupum, þegar orlof er tekið. (Sjá frekar skýringar á dóm-skjali 3).

2. Að heimiluð verði hækkun álagningar á laun og launakostnað í samræmi við hækkun launakostnaðar á viðmiðunartaxta, sem var hæsti taxti sveina án álaga, vegna óþrifa, námskeiðs eða flokksstjórnar. Hæsti taxti sveina án áðurgreindra álaga hækkaði við samningana 17. og 22. júní um 28.7%, og munar þar verulega um það, að hann hlaut bæði hækkun vegna nýrrar starfsaldurshækkunar og hækkun vegna meistarabréfs.

3. Að heimilaðar verði samsvarandi hækkanir á vinnuliði nokkurra sértaxta og heimilaðar verða fyrir útselda vinnu.

Í samræmi við ákvörðun verðlagsnefndar frá 8. júlí 1977, þá reiknaði S.M.S. út nýja útsölutaxta.

Í fyrsta lagi er reiknuð 2.5% hækkun á gildandi mars launataxta, allt í samræmi við bókun sáttanefndar um jafngildi 2.5% kaupataxahækkunar málmiðnaðarmanna frá 17. júní 1977.

Í öðru lagi var á launataxtana með 2.5% lögð hækkun vegna 18.000,00 á mánuði.

Í þriðja lagi voru laun og launakostnaður með innreiknuðum 2.5% og 18.000,00 á mánuði hækkuð um 3% vegna hækkunar raunorlofsgreiðslna.

Í fjórða lagi var álagning á laun og launakostnað hækkuð um 10%, þ. e. úr kr. 268,00 á klst. í kr. 295,00 á klst.

Í taxta verðlagsstjóra er hins vegar hvorki farið eftir samþykkt verðlagsnefndar frá 8. júlí 1977 né heldur að lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál, sem fram kemur í eftirfarandi atriðum:

A. Í fyrsta lagi er jafngildi 2.5% ekki dreift, samkvæmt bókun sáttanefndar frá 17. júní 1977, þrátt fyrir ákvæði loka málsgreinar 3. gr. laga nr. 54/1960, en þar segir: „Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstöku lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага“.

Í þessu sambandi má geta þess, að frá því að verðlagsnefnd hóf að fjalla um útselda vinnu málmiðnaðarmanna frá verðstöðvunarlögum 1970, þá hefur hún aldrei fyrr vanvirt þetta ákvæði laganna. Nú ber hins vegar svo við, að verðlagsstjóri reiknar 2.5% á alla taxta, óháð því hvað taxtinn átti að hækka um samkvæmt samningunum. (Sjá bókun sáttanefndar frá 17. 6. 1977).

B. Í öðru lagi tekur verðlagsstjóri ekkert tillit til hækkunar raunorlofsgreiðslna, þrátt fyrir að í samþykkt verðlagsnefndar frá 8. júlí 1977 standi „auk launatengdra gjalda“. Þessi hækkun raunorlofsgreiðslna er ótvíræður launakostnaður.

C. Í þriðja lagi hækkar verðlagsstjóri ekki álagningu þeirra launataxta, sem fengu meira en 2.5% út úr jafngildi 2.5% samkvæmt bókun sáttanefndar frá 17. júní 1977.

Þessa taxtaútgáfu verðlagsstjóra tel ég því bæði meint brot á samþykkt verðlagsnefndar frá 8. júlí 1977 og lögum um verðlagsmál nr. 54/1960.

Að lokum skal þess getið, að verðlagsyfirvöld hafa enn ekki tekið fyrir skýrslu dr. Kjartans Jóhannssonar um álagningarþörf málmiðnaðarfyrirtækja, sem unnin var fyrir tilstilli viðskipta-

ráðuneytis og skilað var til Þjóðhagsstofnunar í apríl og júní 1976, en síðar send verðlagsstjóra 10. mars 1977. Í skýrslu dr. Kjartans Jóhannssonar kemur m. a. fram, að á álagningu bifreiðaverkstæðis með um 25 starfsmenn vantar um 160 kr. á klst. á verðlagi 1. mars 1976, miðað við að kostnaðinum sé dreift á seljanlega dag- og eftirvinnu, þrátt fyrir að í skýrslunni eru ekki teknir til meðferðar ýmsir kostnaðarliðir, eins og dauður tími, svo nokkuð sé nefnt“.

Verðlagsstjóri sendi dóminum hinn 7. október f. á. greinargerð um taxaútreikninga þá, sem hann sendi frá sér í tilkynningu sinni nr. 19/1977. Í greinargerð verðlagsstjóra segir svo:

„Mörg undanfarin ár hefur Verðlagsnefnd samþykkt verðtaxta fyrir útselda vinnu iðnmeistara. Frá því í byrjun árs 1972 hefur nefndin notað þá aðferð að miða uppbyggingu taxtanna við greidd laun samkvæmt kjarasamningum að viðbættum gjöldum, sem á þau falla í samræmi við samninga eða lög. Auk þess hefur inn í verðtaxtann verið reiknuð ákveðin krónutalsálagning, sem nefndin hefur ákveðið á hverjum tíma.

Þann 8. júlí 1977 samþykkti Verðlagsnefnd nýjan verðtaxta fyrir iðnmeistara, sem byggist á því, að ofan á þann taxa yfir útselda vinnu, sem í gildi var 1. mars 1977, var reiknað 2½% og 18 þús. kr. á mánuði og launatengd gjöld í samræmi við það. Álagningartölur voru hækkaðar um 10%.

Ákvæðisvinna skyldi breytast í samræmi við útselda tíma-vinnu.

Þessi útreikningsaðferð er notuð í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977 um hámarksverð hveftrar seldrar vinnustundar rafvirkja og málmiðnaðarmanna.

Ákvörðun Verðlagsnefndar er byggð á lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál, en þar kemur m. a. fram í 3. gr. laganna, að Verðlagsnefnd geti ákveðið greiðslur til verkstæða og annarra verk-taka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt.

Rétt er að vekja enn fremur athygli á gildandi lögum um verðstöðvun, þar sem m. a. er kveðið á um, að ekki megi hækka verð á vöru eða þjónustu nema með samþykki réttra verðlagsyfirvalda og að samþykktin sé staðfest af ríkisstjórn.

Loks skal bent á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. júní 1977, þar sem hún mælist til þess við Verðlagsyfirvöld, að fyrirtæki verði a. m. k. fyrst um sinn látin bera sjálf hluta þess kostnaðar, er leiðir af nýgerðum kjarasamningum.

Verðlagsnefnd hefur haft þessi tilmæli ríkisstjórnarinnar til hliðsjónar við afgreiðslu mála, og hafa öll fyrirtæki virt ákvarðanir nefndarinnar að undanskildum þeim aðilum, sem kærán fjallar um“.

Þá ritaði verðlagsstjóri ríkissaksóknara bréf hinn 7. desember f. á. vegna máls þessa. Í bréfinu segir svo:

„Á fundi verðlagsnefndar þann 5. desember s. l. var samþykkt, að sú skerðing á verðtöxtum yfir útselda vinnu iðnmeistara, sem nefndin gerði þann 8. júlí s.l., skyldi afdnumin. Þessi samþykkt nær einnig til Landssambands ísl. rafverktaka og Sambands mál- og skipasmiðja, en stjórnendur þessara tveggja sambanda neituðu að hlíta þeim verðtöxtum, sem verðlagsnefnd gaf út, og hafa um fimm mánaða skeið gefið út hærri verðtaxta og hvatt aðildarfélagana sína til þess að fara eftir ólöglegum töxtum sínum. Þessar ólöglegu aðgerðir umræddra tveggja sambanda hafa verið kærðar til embættis yðar með bréfum, dags. 6. september 1977. Það er álit verðlagsnefndar, að samþykktin frá 5. desember s.l. geti í engu haft áhrif á málsmeðferð á framangreindum kærum, sem eru til athugunar hjá yður.

Til þess að skýra nánar forsendur fyrir ákvörðun verðlagsnefndar þann 8. júlí s.l. bendi ég á eftirfarandi:

1. Í 3. grein laga nr. 54/1960 um verðlagsmál kemur m. a. fram, að verðlagsnefnd getur ákveðið greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raf-lagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt.

2. Í 10. grein laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. kemur m. a. fram, að þar til öðru vísi verður ákveðið, má ekki hækka verð á vöru eða þjónustu nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnar.

3. Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 28. júní 1977 var gerð samþykkt, þar sem eftirfarandi kom m. a. fram:

„Í samræmi við gefnar yfirlýsingar leggur ríkisstjórnin áherslu á, að ýtrustu varfærni sé gætt við afgreiðslu verðlagshækkana. Telur hún eðlilegt, að atvinnufyrirtæki verði a. m. k. fyrst um sinn að bera sjálf hluta þess kostnaðar, er leiðir af nýgerðum kjarasamningum“.

Ég vil geta þess, að verðlagsnefnd hefur farið eftir þessum tilmælum ríkisstjórnarinnar við allar afgreiðslur á undanförunum mánuðum, og hafa samtök atvinnurekenda, að undanskyldum umræddum meistarasamböndum, sætt sig við ákvarðanir nefndarinnar.

Þrjú ofangreind atriði sanna að mínu áliti ótvírætt réttmæti ákvörðunar verðlagsnefndar frá 8. júlí s.l.

Jafn ljóst tel ég vera, að um skýlaust verðlagsbrot er að ræða hjá umræddum meistarasamböndum, er gáfu út ólöglega verðtaxta, sem hvorki hafa verið samþykktir af réttum yfirvöldum né hlotið staðfestingu ríkisstjórnar. Ég tel ekki ólíklegt, að einstakir meðlimir þessara tveggja sambanda hafi farið eftir töxtum verðlagsnefndar, og eins getur verið, að nokkrir aðilar aðrir hafi í góðri trú farið eftir verðtöxtum meistarasambandanna. Það eru því tilmæli mín, að hugsanleg málshöfðun í þessum málum beinist einungis að stjórnnum og framkvæmdastjórum sambandanna vegna útgáfu á ólöglegum verðtöxtum“.

Leitt er í ljós, að ákærðu að ákærða Guðjóni undanskildum voru stjórnarmenn í SMS, þegar sú ákvörðun var tekin að reikna út taxta þá, sem mál þetta snýst um, og að ákærði Guðjón sá sem framkvæmdastjóri sambandsins um að senda þá út til aðildarfélagasambandsins í fréttabréfi, dagsettu 15. júlí 1977.

Ljóst er, að verðlagsnefnd hafði ákveðið með heimild í 3. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál, hvernig reikna skyldi út taxta útseldrar tímavinnu sambandsfélaganna, þegar sambandið gaf út taxta sína, sem óumdeilt er, að voru hærri en áður gildandi taxtar og taxtar verðlagsnefndar, sem tilkynntir voru síðar með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19/1977.

Af hálfu verjanda ákærðu er því haldið fram, að ákvarðanatöku verðlagsnefndar séu þau takmörk sett, að ákvæði 3. gr. nái samkvæmt 5. mgr. þeirrar greinar ekki til launa fyrir verk, sem ákveðin hafi verið með samningum stéttarféлага, og því séu ákvarðanir verðlagsnefndar í þessu máli ólögmetar.

Það er mat dómsins, að sé með ákvæði 5. mgr. 3. gr. átt við það, að það sé fyrir utan valdsvið nefndarinnar að ákveða hámarksverð til verkstæða og verktaka að því er snertir útselda vinnu, hafi verðlagsnefnd að óverulegu leyti heimild til þess að ákveða þóknun fyrir þessa starfsemi, þar sem laun eru langstærsti þátturinn, sem taka þarf tillit til, þegar hámarksverð er ákveðið fyrir þessa þjónustu. Verður ekki séð, að sá hafi verið tilgangur

lögjafans með greindu undantekningarákvæði. Er það mat dómsins, að með framangreindu ákvæði í 5. mgr. 3. gr. sé átt við það, að verðlagsnefnd geti ekki haft afskipti af kjarasamningum launþega og vinnuveitenda svo og ef um er að ræða sérstök verk, sem sérstaklega er samið um laun fyrir hverju sinni, t. d. ákvæðisverk, enda er í undantekningarákvæðinu talað um verk, en ekki vinnu. Telur dómurinn því, að undantekningarákvæði 5. mgr. eigi ekki við um taxaútgáfu verðlagsstjóra samkvæmt auglýsingu hans nr. 19 20. júlí 1977 og sé hún gefin út með fullri stoð í 3. gr. laganna.

Mál þetta var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar, án þess að rannsakað væri, í hve ríkum mæli aðildarfyrirtæki sambandsins notuðu hina umdeildu taxa sambandsins, með það í huga, að hann tæki ákvörðun um það, hvort í þá rannsókn yrði lagt, en slík rannsókn hefði fyrirsjáanlega orðið bæði tímafrek og geysilega umfangsmikil. Af hálfu ríkissaksóknara var ekki óskað eftir slíkri rannsókn og eingöngu ákært fyrir taxaútgáfuna. Liggur því ekkert fyrir um það í máli þessu, hvort eða í hve ríkum mæli vinna hafi verið seld út á töxtum þeim, sem sambandið gaf út, enda þótt ákærði Guðjón hafi upplýst, að hann viti ekki annað en að öll fyrirtæki í sambandinu fari eftir töxtum þess.

Í 10. gr. laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. segir, að frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið megi ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi, fyrr en það hefur hlotið samþykki ríkisstjórnarinnar.

Af hálfu verjanda ákærðu er því haldið fram, að gildistími laganna hafi verið frá 1. október 1974 til 31. maí 1975. Hafi því löggin verið fallin úr gildi að þessu leyti. Hér hefur verjandinn slitið framangreindar dagsetningar úr samhengi við það, sem á eftir kemur. Er ekki vitað til þess, að lög þessi hafi verið felld úr gildi eða framangreindu ákvæði breytt.

Af framangreindri ástæðu var því óheimilt að hækka endurgjald fyrir útselda vinnu, þegar sambandið sendi út taxa sína, nema fyrir lægi bæði samþykki verðlagsnefndar og ríkisstjórnarinnar, en slíkt samþykki mátti verðlagsnefnd ekki veita, nema hún teldi það óhjákvæmilegt. Brast því aðildarfélag SMS heimild

til þess að hækka þjónustu sína, nema samþykki áðurgreindra aðilja væri fyrir hendi, en augljóst er, að það skorti í þessu tilviki.

Enda þótt regla sú, sem taxaútgáfa verðlagsstjóra byggðist á í tilkynningu hans nr. 19/1977, hefði að einhverju leyti verið áfátt eða andstæð 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1960, hefði það ekki veitt SMS heimild til þess að ákveða á sitt eindæmi og senda út til félagsmanna sinna hækkaða taxa fyrir útselda vinnu starfsmanna sinna, án þess að áðurgreind tvö lögbundin samþykki lægju fyrir.

Eins og áður greinir, er ekki leitt í ljós, hvort eða í hve ríkum mæli aðildarfyrirtæki SMS hafi farið eftir þeim tóxtum, sem framkvæmdastjórinn sendi út í samráði við stjórn sambandsins. Þarf þá að meta, hvort taxaútgáfan ein sér sé refsiverð eða hvort fyrir þurfi að liggja sönnun um einstakar gjaldtökur samkvæmt tóxtunum, til þess að um refsiverða háttsemi sé að ræða.

Ákvörðun stjórnar SMS, sem felst í margnefndri taxaútgáfu, er atlega að ákvörðun nefndarinnar, sem hún hefur tekið, og gerð án þess að fyrir liggji áðurgreint samþykki stjórnvalda. Telur dómurinn, að sú háttsemi stjórnar og framkvæmdastjóra SMS að standa að útreikningum taxtanna og útsendingu þeirra, án þess að fyrir lægi samþykki fyrir því, sé ákvörðun þeirra sem fyrrisvarsmanna sambandsins um að brjóta niður ákvörðun verðlagsnefndar, sem verðlagsstjóri hafði tilkynnt sambandinu í bréfi til þess 8. júlí 1977 og síðar í formi tilkynningar sinnar nr. 19 20. júlí 1977, en með þessari aðgerð sinni stefna forráðamenn sambandsins að því að fá aðildarfélög sambandsins til þess að selja vinnu starfsmanna sinna á hærra verði en lögleg stjórnvöld höfðu samþykkt. Þykir ekki þurfa að liggja fyrir, hvort eða hversu víðtækar gjaldtökur hafi átt sér stað vegna þessarar ákvörðunar, sem er andstæð ákvörðun, sem tekin er með heimild í 3. gr. laga nr. 54/1960. Er því hin ákærða taxaútgáfa ein sér brot á lögum nr. 54/1960 og lögum nr. 13/1975 og því refsiverð. Er því ekki fallist á þau rök verjanda ákærðu, að það eigi að leiða til sýknu, að ósannað sé, að nokkurt fyrirtæki, sem ákærðu eiga aðild að, né nokkurt annað fyrirtæki innan vébanda SMS hafi á nefndu tímabili áskilið sér hærri þóknun en lög heimila.

Enda þótt taxaútgáfan sé í heild sinni brot á lögum nr. 54/1960 og lögum nr. 13/1975, ber þó að sýkna af því, að álagningar-tala á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag) hafi verið hækkuð án leyfis um 10%, úr kr. 268 í kr. 295 á hverja klukkustund

miðað við dagvinnu, en í áðurgreindri samþykkt verðlagsnefndar var slík álagning einmitt heimiluð.

Í ljós er leitt, að meiri hluti stjórnarinnar stóð að því að láta reikna taxta sambandsins út á þann veg, að leiddi til hærri gjaldtöku en leyfilegt var. Ekki er í ljós leitt, að öllum hinum ákærðu stjórnarmönnum hafi frá upphafi verið ljóst, þegar framangreindar ákvarðanir stjórnarinnar voru teknar. Allt að einu er ljóst, að taxtar sambandsins voru ekki afturkallaðir um langan tíma og að enginn stjórnarmanna gerði athugasemdir við þá. Mátti þeim öllum vera ljóst, að þeir voru hærri en útgefnir gildandi taxtar verðlagsstjóra og höfðu hvorki fengið samþykki verðlagsnefndar né ríkisstjórnarinnar. Þá verður að telja, að hinum ákærðu stjórnarmönnum hafi öllum borið að fylgjast með því, sem var að gerast í málefnum sambandsins, og ef þeir voru ekki viðstaddir fundi, að kynna sér með viðtölum við framkvæmdastjóra sambandsins, meðstjórnarmenn sína eða varamenn, hvað þar færi fram. Verða ákærðu því allir taldir bera refsíabyrgð á taxaútgáfunni, sem er brot á 3. gr. og 4. gr. laga nr. 54/1960, tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19 20. júlí 1977 og 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1975.

Ákærði Júlíus Sæberg hefur aldrei fyrr verið saksóktur fyrir lagabrot, og aðrir hinna ákærðu hafa ekki sætt refsingum nema sektum fyrir umferðarlagabrot, sem ekki skipta máli hér.

Framangreind taxaútgáfa varðar ákærðu refsingu samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960 og 12. gr. laga nr. 13/1975.

Refsing ákærðu hvers um sig þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hvernar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

#### Dómsorð:

Ákærðu, Þórður Gröndal, Jón Þórarinn Sveinsson, Júlíus Sæberg Ólafsson, Steinar Steinsson, Sveinn Sæmundsson og Guðjón Tómasson, greiði hver um sig 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hvernar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

---

Miðvikudaginn 14. maí 1980.

Nr. 81/1978. Pylsuskálinn s/f  
 gegn  
 Gjaldheimtunni í Reykjavík.  
 og gagnsök.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-son og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1978, birtri 22. maí s. á., en gagnáfrýjandi með stefnu 24. maí s. á. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti í dag óskaði aðaláfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður. Gagnáfrýjandi samþykkti það, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Málið er fellt niður, en rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Aðaláfrýjandi, Pylsuskálinn s/f, greiði gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 150.000 krónur í málskostn- að fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---